



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

9. árgangur 08.tbl.

September 2012

Í Skaftholtsréttum 2012

Réttirnar fóru rólega af stað en svo fjölgaði heldur betur og fallega er unnið úr afurð íslensku sauðkindarinnar. Lopapeysurnar sem Íslendingar kunna að meta voru margar.





**Nýtt símanúmer á skrifstofu
sveitarfélagsins í Árnosi er
486-6100 Fax: 486-6120.**

**Opið mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15
föstudaga kl. 09:00 -12:00
Verið velkomin.**

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.



Næsta fréttabréf kemur út 15. okt. 2012.

Skilafrestur efnis 10. okt. 2012.



Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri

Opnunartími skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps
mánudaga-fimmtudaga kl. 9—12 og 13—15 og föstudaga 09-12.

Sími á skrifstofu: 486-6100- Fax 486-6120

Sími í Áhaldahúsi 486 6118. Starfsmenn þar:

Ari Einarsson 893-4426 — Jóhannes Eggertsson 864-6904

Netföng:

ari@skeidgnup.is - joi@skeidgnup.is

www.skeidgnup.is

Kvennakórinn Uppsveitasystur

Við hvetjum konur til að koma og slást í okkar skemmtilega hóp.
Æft er á mánudagskvöldum kl. 20:30 og byrjað í Brautarholti.

Ýmislegt á döfinni. ☺

Hlökkum til að sjá nýjar og gamlar söngsystur.



USS!



Grænna land ehf.

Haustkransa námskeið

15., 16. og 17. október

Í Sneiðinni 5 á Flúðum og tekur um

3 klst. Hefst kl 20:00.

Farið er yfir efni í krönsum og hvað

hentar hverju sinni.

Verð 4.000,- kr innifalið er krans, vír og

efni. Tilvalið fyrir hópa, kvenfélög, saumaklúbba og fleiri.



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá
á www.upplit.is allir velkomnir!

Fótboltaæfingar

á mánudögum kl 20:30 á sparkvellinum í Árnesi!

Ungmennafélögin.



Gleðilegt er hvað margir nýta sér **Rauðakrossfatagáminn** en vinsamlega bindið
skó saman og munið einnig að hnýta vel fyrir pokana. Stakur skór fær lítið sem
ekkert hlutverk. - Bestu kveðjur úr Áhaldahúsi Skeið/Gnúp. ☺☺



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Skólabyrjun

Skólinn okkar hefur farið vel af stað og börnin höfðu frá skemmtilegum fréttum að segja frá sumrinu. Sex nýjir nemendur komu í skólann og bjóðum við þá hjartanlega velkomna. Eldri nemendur hafa verið sérlega hjálpsamir og góðir við þá nemendur sem byrjuðu í 1. bekk, sýnt þeim skólann og boðið sig fram til að aðstoða þegar þess þurfti.

Útilegan okkar 30.-31. ágúst

Árleg útilega Þjórsárskóla er skemmtilegt uppbrot í skólastarfinu. Hún þjappar nemendum saman eftir sumarið og er að auki kjörið tækifæri til þess að læra að umgangast, bera virðingu fyrir og hlúa að skóginum okkar. Við fórum frá skólanum um hádegi og byrjuðum í berjamó við Skeljafell. Berin á síðan að nota í heimilisfræði í vetur.



Síðan var ferðinni

haldið áfram inn í skóg þar sem skipt var í hópa og unnin voru ýmis konar verkefni: farið var í göngutúr, rætt um staðhætti, skoðaður gróður, safnað greinum, grisjað, lært að kveikja eld og kola og búin til húsgögn úr efnivið skógarins.

Þar sem veðurspáin var okkur ekki hliðholl, var ákveðið að fara til baka og gista í skólanum. Var það heilmikið ævintýri út af fyrir sig. Fyrst var borðaður góður matur og síðan var horft á mynd, spilað, lesið, farið í borðtennis og fleira. Þegar farið var að rökkva var farið út þar sem tálgaðar voru greinar, grillaðir



sykurpúðar, drukkið heitt kakó, sungið, spilaður fótbolti og farið í fleiri leiki í blíðskapar veðri ☺



Allir voru þreyttir eftir viðburðaríkan dag og tók því ekki langan tíma að koma öllum í ró.

Kartöfluuppskera

Eitt af vorverkum skólans er að setja niður kartöflur. Ræktun þeirra og neysla er hluti af vinnu skólans með sjálfbæra þróun. Nú hafa kartöflurnar verið teknar upp og verða í vetur notaðar í mótuneyti skólans og sem efniviður í heimilisfræði.



Grænfáninn – skólar á grænni grein

Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Þjórsárskóli er skóli á grænni grein og fékk Grænfánann sinn í fyrsta sinn árið 2004. Á tveggja ára fresti þarf að endurnýja umsókn um fánann og núna í september komu fulltrúar landverndar í heimsókn til okkar og gerð var úttekt á umhverfisstefnu skólans og framkvæmd hennar. Við vorum stoltir að heyra tilsvör nemenda í 5.-7. bekk og umræður og það er greinilegt er að þeir eru vel að sér um þessi málefni.

Framundan

Miðvikudaginn 12. september hjóladagur fyrir hádegi og réttarpema eftir hádegi. Föstudagur 14. september réttarfrí.

Bestu kveðju

Kristín og Bolette





Menn og Málefni!



Pann 19. maí síðastliðinn útskrifaðist

Hannes Ólafur Gestsson, Kálfhóli

frá Véltækniskólanum sem vélfræðingur og með stúdenstspróf.

Við óskum Hannesi innilega til hamingju með áfangann.

Laugarvatn Fontana

Opið í sumar frá kl. 11:00 til 22:00

alla daga vikurnar út september.

Í kaffiteriunni okkar bjóðum við meðal annars upp á silung, reyktan í Útey sem við berum fram á okkar eigin rúgbrauði.

Þetta þykir mörgum nauðsynlegur hluti af gufubaðinu.

Síminn er alltaf sá sami 486 1400!



JÓGA!

Jóganámskeið hefst miðvikudaginn 19. september.

6 vikna byrjendanámskeið verður kl. 18:00 og tímar fyrir lengra komna kl. 20:00.

Kennt verður á **sunnudögum og miðvikudögum** í húsnæði Landstólpa í Gunnbjarnarholti.

Nánari upplýsingar í síma 8685751 netfang

fjola@foldvegur.is

Fjola Ingveldur Kjartansdóttir jógakennari.



Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps Bókahúsinu, Brautarholti.

Opið öll fimmtudagskvöld kl. 20:00 -22:00

Alltaf hægt að skila bókum um lúguna.

Góð bók er nauðsyn!

bokasafn@skeidgnup.is

S: 486-5505 - www.gegnir.is



Starfsfólk vantar

í Skeiða- og Gnúpverjahrepp.


Stuðningsfulltrúi óskast í 50% starf við Þjórsárskóla út skólaárið .
Upplýsingar gefur Bolette skólastjóri í síma 486-6051/895-9660 og á
netfangið bolette@thjorsarskoli.is

Einnig óskast aðili til þess að sjá um útlegu og þrif á þeim hluta Leikskólahússins
í Brautarholti sem er leigður út til félaga og einstaklinga. Upplýsingar gefur
Kristófer sveitarstjóri í síma 486-6113 / 861-7150 og á
netfangið kristofer@skeidgnup.is



LEIKFIMI FYRIR KONUR

Í Brautarholti



Sex vikna námskeið fyrir konur á öllum aldri.
2x í viku á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 19:00.
Kennari er Eygló Linda og Ragnheiður frá Lifandi húsi.

Verð á námskeiði er 15.000 krónur, auk húsaleigu.
Skráning og upplýsingar hjá Jóhönnu
Vilhjáms í síma 864-6101 og Millu í síma 691-2453

Allar konur velkomnar
Kvenfélag Skeiðahrepps

Átt þú lóð fyrir mig?

Er að leita að lóð undir- sumarhús í hreppnum annað hvort til leigu
eða sölu. Uppl: Björn Hrannar s: 865-8421



Kertasmiðjan Brautarholti

Símar 663 4666 823 3999

486 5518

www.kertasmidjan.is



33. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnosi 14.08.2012 kl. 13:00.

Mættir: Gunnar Örn Marteinsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason. Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri, ritaði fundargerð. Auk þess sátu fundinn Axel Árnason Njarðvík, Inga Lillý Brynjólfsdóttir og Árni Árnason Njarðvík.

Gunnar Örn setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera. Gunnar oddviti fór lauslega yfir þau mál sem eru á dagskrá.

Dagskrá:

1. Fræðslunetið. Vísinda og rannsóknarsjóður. Beiðni um aðild.
Samþykkt samhljóða að leggja 50.000 kr til sjóðsins á ári næstu fimm árin.
2. Fjárlaganefnd: Breyttar áherslur við fjárlagagerð.
Lagt fram og kynnt.
3. Umhverfisráðuneyti: Drög að Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013 -2024.
Tekið er undir athugasemdir og vísað til athugasemda Sambands íslenskra sveitarfélaga.
4. Fasteignamat 2013. Óskað er eftir athugasemdum.
Ekki voru taldar vera forsendur til að gera athugasemdir.
5. Fundur nr. 10 stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúaembættis uppsveita Árn. og Flóa haldinn 25.7. 12. Fram kom á fundinum ósk Ásahrepps um aðild að byggðasamlagi um Skipulags og byggingafulltrúa í Uppsveitum Árnessýslu og Flóahrepps. Auk þess var fjallað um framkvæmdaleyfi náma á svæðinu. Fundargerð staðfest.
6. Fundur nr. 49 Skipulags- og byggingarnefndar, haldinn 25.7.12.
Fjallað sérstaklega um tillögu að deiliskipulagi að minkabúi að Ásum undir lið nr. 7. Fundargerð að öðru leyti samþykkt.
7. Umfjöllun um tillögu að deiliskipulagi að minkabúi að Ásum.
Athugasemdir höfðu borist frá eigendum Ása ásamt álitagerð Valtýs Sigðurðssonar Hrl fyrir þeirra hönd. Auk þess bárust athugasemdir frá Guðjóni Ármannssyni Hdl lögmannstofunni Lex fyrir hönd eigenda Stóra-Núps.
Ívar Pálsson Hrl hjá lögmannstofunni Lagastoð lagði fram umsögn um málið er hann vann að beiðni sveitarfélagsins.
Bókað er eftirfarandi vegna deiliskipulags fyrir nýtt minkabú í landi Ása:
Með vísan til umsagnar Landslaga, dags. 13. ágúst, er óskað eftir að umsækjendur geri nánar grein fyrir eftirfarandi atriðum:
1. Staðfestingu eða gögn um að ekki sé hægt að staðsetja minkahúsin og tilheyrandi mannvirkir á öðrum stað innan jarðarinnar Ása þar sem starfsemin hafi minni áhrif á nágrannajarðir m.t.t. 500m reglunnar.
2. Nánari skýringar á því hver séu samlegðaráhrif þess að reisa búíð við hlið búins að Mön?

3. Gögn um að grenndaráhrif þ.m.t. lyktarmengun frá búinu verði ekki meiri en almennt má gera ráð fyrir á landbúnaðarsvæðum.
Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu málsins, óskað er eftir að framangreindar upplýsingar liggi fyrir með hæfilegum fyrirvara fyrir næsta fund sveitarstjórnar sem gert er ráð fyrir að verði þann 4. september nk.
8. Tillaga um breytingu aðalskipulags sem meðal annars felur í sér byggingu tveggja vindmylla á vegum Steingríms Erlingssonar Vorsabæ í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Eftirfarandi er bókað:
Sveitarstjórn samþykkir að láta taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu byggt á fyrirbyggjandi gögnum og í samræmi við 1. Mgr. 30. Gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa er falið að leita umsagnar Skipulagsstofnunar og kynna lýsinguna fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.
9. Erindi frá Einari Einarssyni og Aðalheiði Einarsdóttur Bugðugerði 7a vegna kaupa á 30 hektara landspildu úr landi Réttarholts. Umrætt land er ekki nema að hluta í eigu sveitarfélagsins. Ekki er vilji til að selja þann hluta sem óskað er eftir. Sveitarstjóra er falið að ræða við umsækjendur um aðra möguleika í þessum efnum.
10. Farið yfir fyrirkomulag sormála í sveitarfélaginu.
Núgildandi samningur við Íslenska gámafélagið rennur út. 1. október n.k. Talsmenn Íslenska gámafélagsins komu 13 ágúst á fund fulltrúa sveitarfélagsins, þar var rætt um væntanlegar áherslur í nýjum samningi. Mögulegt virðist að að fækka ferðum eftir sorpi án þess að það skerði þjónustu.
11. Ábótinn ehf. Erindi er frestað var á síðasta sveitarstjórnarfundi. Axel Árnason Njarðvík mætti til fundar ásamt Ingu Lillý Brynjólfssdóttur lögmanni Ábótans og Árna Árnasyni Njarðvík. Axel kynnti erindi sitt. Það varðar meint áhrif lagningar ljósleiðarastrengs um sveitarfélagið á rekstur Ábótans ehf. Hann leggur áherslu á að fótum verði kippt undan rekstri Ábótans ehf með tilkomu ljósleiðarastrengs. Að hans mati og lögfræðings hans er þar um óeðlileg inngríp að ræða á þeim markaði. Í ljósi þess fer Axel fram á sveitarfélagið greiði Ábótanum bætur að fjárhæð kr. 20 milljónir. Gunnar Örn oddviti lagði til að sveitarfélagið kallaði eftir álit lögmanns sveitarfélagsins á málinu. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

- A. Úthlutun úr námsgagnasjóði.
 - B. Breytilegir útánavextir.
 - C. Vottorð úr fyrirtækjaskrá: Fjarskiptafélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps ehf.
 - D. Endanlegt framlag til nýbúaafæðslu.
 - E. 89. fundur Brunavarna Árnessýslu haldinn 15.06.2012.
 - F. Fundargerð 798. fundar Samband ís.l sveitarfélaga haldinn 29.06.2012.
 - G. 217. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands haldinn 26. Júní 2012.
 - H. Tónlistarskóli 2012-2013.
 - I. Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðra-ábyrgðaraðilar 2012-2014.
- framhald á næstu síðu.

J. Skráning á skipulagi og framkvæmdaleyfi Vegagerðarinnar.
K. Minnisblað: Þjórsárdalur rammaáætlun um útivist og ferðaþjónustu.
L. Lagning ljósleiðarastrengs. Staða á verkefni.
M. Ljósleiðaraefni í eigu Ábótans.
Næsti fundur ákveðinn 4. september næstkomandi. - Fundi slitið kl : 16:20.



Fréttir frá Leikholti

Leikholti

Af okkur er allt gott að fréttu. Veðrið í ágúst var dásamlegt og við vorum mikið úti að leika og læra. Okkur finnst heldur ekkert leiðinlegt þegar að rignir því þá er hægt að hoppa í pollunum og sulla. Við erum meira segja að útbúa okkur drullumalla svæði með mold☺



Pann
28.ágúst
sl. var
okkur
boðið í
Slakka í
Lauarási.
Börnin í
Stórholti
og þrjú

elstu börnin í Smáholti fóru í þessa ferð ásamt leikskólakennurum. Helgi tók á móti okkur og bauð okkur velkomin. Síðan voru dýrin skoðuð og leikið á útivistarsvæðinu. Kettlingarnir voru vinsælastir því það var hægt að halda á þeim og strjúka þeim.

Svínin voru frekar fyndin, hlaupandi inn og út úr húsinu sínu. Páfagaukarnir höfðu frekar hátt og hvolpanir voru með ærsl. Þegar leið að hádegi og allir orðnir svangir bauð Helgi okkur pylsur og ís í eftirrætt. Þetta var nú aldeilis skemmtilegt heimboð, takk fyrir það Helgi.





Sömu vikuna eða fimmtudaginn 30. ágúst sl. var börnunum í Stórholti boðið að koma í Kertasmiðjuna til Rögggu og búa til kerti. Þetta var mjög spennandi og skemmtilegt.

Takk fyrir að bjóða okkur Ragga ☺

Við notum talsvert af óhefðbundnum efnivið í leikskólanum t.d. samanlímdar salernispappírsrúllur sem eru mjög vinsælar í byggingaleiki og hlutverkaleiki. Hér eru börnin búin að búa til sjóræningjaskip og síðan var farið í siglingu um höfin blá með sjóræningjakort í fórunum. Bara skemmtilegt. Nú er skipulegt starf komið af stað hjá okkur og margt spennandi framundan. Einkunarorð okkar eru : gleði-vinsemd-virðing og þau höfum við að leiðarljósi. Bestu kveðjur frá öllum í Leikholti.



LAGNA
POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

34. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða—og Gnúpverjahrepps í Árnesi 04.09.2012 kl. 13:00.

Mættir: Gunnar Örn Marteinnsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason. Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri, ritaði fundargerð. Auk þess sat fundinn undir 1.lið. Helgi Bjarnason verkefnastjóri hjá Landsvirkjun.

Oddviti setti fund og spurði hvort fundarmenn vildu gera athugasemd við fundarboðið. Oddur G. Bjarnason gerði athugasemd við að fundarboð hefði borist seint. Sveitarstjóri benti á að fundarboð hefði verið sent út kl 12.00 2. september. Oddviti greindi frá að sveitarstjóri hefði sent beiðni um breytingar á fundardagskrá. 1. Breyting á deiliskipulagi í Árnesi vegna endurvarpsstöðvar Mílu. 2. Tillaga um stofnun byggðasamlags um eignarhald á fasteignum fyrir fatlaða. 3. Staða fréttaritara RÚV á Suðurlandi lögð niður. 4. Hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu. 5. Auk þess barst rétt fyrir fund fundargerð frá Afréttarmálafélagi Gnúpverja. Samþykkt að taka fyrir öll erindi nema nr. 2. Þar sem þörf væri á betri kynningu.

Dagskrá:

1. Áform Landsvirkjunar um virkjun í Stóru-Laxá. Fulltrúi Landsvirkjunar Helgi Bjarnason kynnti áform um virkjun í Stóru-Laxá. Fyrstu hugmyndir um virkjun þar komu fram árið 1960 og var opinber virkjanatillaga var sett fram 1994. Samningar um vatnamælingar og kortagerð hafa þegar verið gerðar. Mannvirki fyrirhugaðar virkjunar verða að mestu í Skeiða og Gnúpverjahrepps en að lítilu leyti í Hrunamannahreppi. Áætlað er að forathugun ljúki fyrir lok árs 2013. Stærð fyrirhugaðar virkjunar er um 30 -35 megawött.
2. Erindi frá 4 T vegna jarðarinnar Ásbrekku. Magnús J Árnason fyrir hönd 4T tilkynnir að hann hyggist loka reiðleið í gegnum hlaðið við bæinn Ásbrekku frá og með 1. maí 2013. Samþykkt að beina erindi til reiðveganeftdar hestamannafélagsins Smára.
3. Fundur byggingafulltrúa frá 29.08.2012. Fundur nr. 85. Lagt fram og kynnt..
4. Fundur Skipulags og bygginganeftdar frá 23.08.2012 Fundur nr. 50. Fundargerð samþykkt samhljóða.
5. Umsögn Sorpstöðvar Suðurlands um meðhöndlun úrgangs. Lagt fram og kynnt.
6. Stuðningur við félagasamtök í sveitarfélaginu. Sveitarstjóra falið að afla gagna og tala við stjórnir félagasamtaka í sveitarfélaginu og leita eftir óskum þeirra og hugmyndum í þessum efnum.
7. Rekstrarmál í Félagsheimilinu Árnesi. Farið yfir umsóknir sem borist hafa í veitingarekstur í Árnesi og á grundvelli möguleika í veitinga og mótuneytismálum. Gunnar Örn Marteinnsson oddviti vék af fundi.
 - A. Samþykkt að ráða Kolbrúnu Kristínu Daníelsdóttur sem matráð fyrir grunnskóla og leikskóla með aðsetur í félagsheimilinu í Árnesi.
 - B. Samþykkt að hafna umsóknum einstaklinga frá júní 2012 um ofangreindan veitingarekstur.Gunnar Örn Marteinnsson oddviti kom aftur til fundar.

- C. Samþykkt að skipa starfshóp er vinni að framtíðarsýn veitingareksturs og ferðapjónustu í Árnesi. Í nefndina voru skipuð Harpa Dís Harðardóttir, Sigrún Guðlaugsdóttir og Kristófer Tómasson sveitarstjóri.
8. Fyrirkomulag sormála. Farið yfir minnispunkta varðandi nýjan samning um sormál við Íslenska gámafélagið. Samþykkt að óska eftir ítarlegri upplýsingum frá Íslenska gámafélaginu.
9. Málefni Ábótans. Framhald frá fundi 33. Lögð fram umsögn frá Ívar Pálssyni lögmanni sveitarfélagsins. Erindi Ábótans ehf frá fundi 33 hafnað á grundvelli hennar.
10. Umsókn um styrki úr Jöfnunarsjóði til tónlistarnáms.
Lagt fram og kynnt.
11. Fundargerð Skólanefndar nr. 20. Leikskólanefnd 15.08.2012
Samþykkt samhljóða.
12. Fundargerð Skólanefndar nr. 21. Grunnskólanefnd 15.08.2012.
Samþykkt samhljóða.
13. Deiliskipulag um minkabú að Ásum.
Lögð fram að nýju að lokinni auglýsingu skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að deiliskipulagi fyrir minkabú á spildu úr landi Ása í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Tillagan var tekin fyrir í skipulags- og byggingarnefnd 25. júlí 2012 ásamt innkomnum athugasemdum sem voru fimm talsins, umsögn Landslaga, dags. 24. júlí, um innkomnar athugasemdir, umsögn Valtýs Sigurðssonar hrl. dags. 24. júlí, f.h. eigenda Ása, og eigin umsögn eigenda Ása dags. 24. júlí. Tillagan var lögð fram með lagfæringum til að koma til móts við ábendingar/athugasemdir Heilbrigðiseftirlitsins dags. 18. maí 2012. Skipulags- og byggingarnefnd vísaði málinu til afgreiðslu sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps og var skipulagsfulltrúa falið að vinna að endanlegri umsögn í samráði við lögmann sveitarfélagsins fyrir næsta fund sveitarstjórnar. Á fundi sveitarstjórnar 14. ágúst 2012 var málið tekið fyrir og lá þá fyrir umsögn Landslaga dags. 13. ágúst 2012. Sveitarstjórn samþykkti að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar sveitarstjórnar og bókaði jafnframt að umsækjendur þyrftu fyrir þann fund að gera betur grein fyrir tilteknum atriðum. Tillaga er nú lögð fram að nýju ásamt framangreindum gögnum. Til viðbótar er lagt fram bréf Guðjóns T. Árnasonar, formanns fulltrúaráðs Skaftholts, dags. 25. ágúst, bréf Höllu Guðmundsdóttur og Viðars Gunngerðssonar, dags. 27. ágúst, og bréf Valtýs Sigurðssonar hrl., dags. 29. ágúst 2012. Gunnar Örn oddviti hóf umræður um tillöguna. Hann kvaðst ekki ætla að samþykkja tillöguna.
- Skafti gat þess að allt láglendi í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir utan það sem skipulagt væri fyrir annað væri landbúnaðarland. Sérstaklega sé þess getið að íbúðarhúsum sé ekki dreift um bújarðir. Frístundabyggðir skuli hafa á sérstökum svæðum. Alltaf sé val hvar hús séu sett niður. Ef eigi á annað borð að staðsetja búíð nálægt búinu í Mön sé sú staðsetning sem valin hefur verið æskileg. Skafti telur rök ábúenda Ása fullnægjandi og ekki sé ástæða til annars en samþykkja deiliskipulagstillöguna. Jón Vilmundarson tók til máls og kvaðst samþykkja tillöguna. Harpa Harðardóttir kvaðst vera tilbúin til að samþykkja tillöguna, hún myndi að sínu mati samræmast skipulagsmálum. Skafti gat þess að minkahús væru í flestum tilfellum innan 500 metra frá næstliggjandi íbúðarhúsum annarra en eigenda. Hann taldi að ekki væri um að ræða skerðingu verðmæta á nærliggjandi jarða.

Gunnar oddviti lagði áherslu á að hann væri mjög mótfallinn tillögunni. Hann benti á að það væri mjög líklegt að verði tillagan samþykkt muni það skapa sveitarfélaginu skaðabótaskyldu og undraðist orð Valtýs lögmanns Ásafólks um að ekki væru líkur á slíkri skaðabótaskyldu. Skafti benti á hann þekkti ekki til þess að nokkur staðar á Suðurlandi kæmu fram kvartanir um lyktarmengun frá minkabúum. Hann taldi að menn væru því að samþykkja tillöguna að halda sig við þá stefnu sem hefur verið ríkjandi í landbúnaðarmálum. Gunnar oddviti ítrekaði að sér fyndist greinargerð frá Ásafólki og Valtýs lögmanns innihaldslítil.

Skafti benti á að ekki væru til staðar íbúðarhús innan 500 metra frá fyrirhuguðu minkabúi. Gunnar benti á að með ákvörðun sem þessari væri verið að koma í veg fyrir að íbúðarhús yrðu byggð á því svæði.

Gengið var til atkvæðagreiðslu um tillöguna.

Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu. Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Björgvin Skafti Bjarnason og Oddur Guðni Bjarnason.

Gunnar Örn Marteinnsson greiddi atkvæði gegn tillögunni.

Eftirfarandi er greinargerð frá Hörpu Dís, Jóni Vilmundarsyni og Björgvin Skafta:

„Fyrirliggjandi deiliskipulagstillaga gerir ráð fyrir að heimilt verði að byggja nýtt minkabú við hlið minkabús sem fyrir er á svæðinu. Búið er á svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi. Fyrirhuguð starfsemi og skipulag fellur því beinlínis að landnotkun og stefnumörkun aðalskipulags á svæðinu.

Engin gögn liggja fyrir í málinu sem benda til þess að grenndaráhrif starfseminnar, lykt eða önnur möguleg óþægindi, verði umfram það sem búast má við á landbúnaðarsvæði almennt. Starfsemin mun því hvorki hafa neikvæð áhrif á verðmæti jarða eða starfsemi á svæðinu umfram það sem aðilar máttu búast við. Slík grenndaráhrif verða nágrannar að þola bótalaust. Ekki verður séð að auðvelt sé að staðsetja búið á öðrum stað innan jarðarinnar auk þess sem gild rök hafa komið fram af hálfu umsækjenda fyrir staðsetningunni. Ekki er því um brot á svokallaðri meðalhófsreglu að ræða.

Engar reglur eru til á Íslandi um lyktarmengun frá slíkum búum og því ekki hægt að gera umsækjendum skylt að gera frekar grein fyrir mögulegum áhrifum frá starfseminni en þeir hafa nú þegar gert í fyrirliggjandi gögnum. Engar kvartanir hafa borist vegna starfsemi þess minkabús sem fyrir er en draga má þá ályktun af því að ekki séu veruleg áhrif frá starfseminni. Þá er minnt á að staðsetning búsins er í töluverðri fjarlægð frá íbúðarhúsum aðliggjandi jarða. Í þessu sambandi er og minnt á að Skipulagsstofnun hefur fyrir sitt leyti fallist á auglýsingu tillögunnar og gerði ekki athugasemdir við framsetningu hennar. Teljum við málið því að fullu rannsakað og upplýst að þessu leyti og í samræmi við lög.

Því er haldið fram í athugasemdum að hin svokallaða 500m regla takmarki uppbyggingu á nágrannajörðum. Í fyrsta lagi bætir umrædd stækkun óverulega við það svæði sem þegar fellur undir slíka takmörkun miðað við takmörkunina frá því búi sem fyrir er. Í öðru lagi verður að líta til þess að umrædd svæði eru landbúnaðarsvæði. Áfram verður heimilt og mögulegt að nýta þau sem slík. Ekki er því hægt að líta til hugleiðinga landeigenda um aðra uppbyggingu í nágrenni búsins s.s. eins og fyrir sumarhús eða íbúðarhús sem ekki er gert ráð fyrir á skipulagi. Að auki, eins og upplýst hefur verið í málinu, er nú til skoðunar hjá stjórnvöldum lækka 500m regluna.

Með vísan til framangreinds og fyrirliggjandi gagna teljum við ekki hægt að leggjast gegn byggingu minkahús á landbúnaðarsvæði og samþykkjum því deiliskipulagið.“

Harpa Dís Harðardóttir, Jón Vilmundarson og Björgvin Skafti Bjarnason.

Eftirfarandi er greinargerð frá Gunnari Erni Marteinsyni:

Í málinu liggja fyrir ítarlegar og rökstuddar athugasemdir nágranna sem mótmæla samþykkt skipulagsins vegna mögulegra grenndaráhrifa m.a. lyktar og áhrifa á verðmæti jarðanna. Í umsögn Landslaga frá 13. ágúst sl. kemur fram að ekki hafi verið gerð nægilega grein fyrir mögulegum áhrifum búans. Ekki liggir fyrir gögn um að áhrif búans verði ekki neikvæð umfram það sem búast má við á slíkum svæðum. Ég tel enn að slík gögn liggja ekki fyrir. Þá tel ég að ekki liggja fyrir fullnægjandi rök fyrir því af hverju ekki er hægt að staðsetja húsín á öðrum stað á jörðinni þar sem áhrif þeirra, a.m.k. hvað varðar 500m regluna yrðu minni fyrir nágranna. Í umsögn Landslaga kemur einnig fram að leiði gildistaka skipulagsins til tjóns fyrir eigendur nágrannajarða geti þeir að öllum líkindum sótt slíkar bætur á hendur sveitarfélaginu. Á meðan umsækjendur hafa ekki upplýst á fullnægjandi hátt að áhrif skipulagsins verði ekki neikvæð fyrir nágranna og að engin hætta sé á að sveitarfélagið geti orðið bótaskyld vegna samþykktar skipulagsins get ég ekki samþykkt tillöguna.

Undirritaður tekur fram að ekki er um að ræða andstöðu við þá starfsemi sem hér um ræðir heldur er um að ræða blákalt mat á því að samþykkt þessarar skipulagstillögu komi til með að valda sveitarfélaginu fjárhagslegu tjóni og hún felur jafnframt í sér ákveðna ráðstöfun á landi sem er í einkaeign.

Einnig er rétt að benda á að samþykkt tillögunar kemur til með að valda þeim sem athugasemdir hafa gert við tillögunna verulegum fjárhagslegum útlátum á meðan þeir sem óskuðu eftir breytingunni á skipulaginu þurfa ekki að leggja í kostnað vegna málarekstrar þar sem sá kostnaður lendir á sveitarsjóði eins og hugsanlegar bætur sem sveitarsjóður gæti verið dæmdur til að greiða, slík áhætta með almannafé er alls ekki réttlætanleg. Að öðru leyti vísa ég til umsagnar Landslaga frá 13. ágúst sl. afstöðu minni til frekari stuðnings.

Ástæður þess að sveitarstjórn samþykkir tillöguna með svo afgerandi hætti þrátt fyrir að allar viðvörunarþjöllur hringi er ekki gott að átta sig á. Er mjög ósáttur við þá niðurstöðu að vera einn í minnihluta í þessu máli og hlýt að taka þessa niðurstöðu til skoðunar.

Gunnar Örn Marteinson

14. Tillaga um breytingu á deiliskipulagi vegna endurvarpsstöðvar Mílu ehf.

Löð fram tillaga Landforms að breytingu á deiliskipulagi í Árnesi. Í breytingunni felst að endurvarpsstöð sem nú er staðsett á lóðinni Bugðugerði 1 verður færð á nýja 200 fm lóð við tjaldsvæðið, um 105 m vestan við sundlaugina. Fjarskiptamastrið er 30 m hátt og auk þess verður heimilt að reisa um 15 fm tækjahús á lóðinni. Samþykkt samhljóða að auglýsa deiliskipulagsbreytinguna skv. 41. Gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

15. Staða fréttaritara RÚV á Suðurlandi lagðar niður.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps mótmælir ákvörðun Ríkisútvarpsins um að leggja niður starf fréttaritara á Suðurlandi.

16. Hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu úr 7 % í 25,5 %.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps lýsir áhyggjum af fyrirhugaðri hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu.

17. Fundur í Afréttarmálanefnd Gnúpverja.

Kostnaðarliðum í fundargerð vísað til fjárhagsáætlunar. Fundargerð að öðru leyti samþykkt.

Mál til kynningar

A. 456.Fundur stjórnar SASS.

B. 457.Fundur stjórnar SASS.

C. 140.Fundur Skólaskrifstofu Suðurlands.

D. 219.Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands.

E. Akstur utan vega.

F. Auglýsing frá skipulagsfulltrúa.

G. Breyting fjárhagsáætlana.

H. Skilgreining á skóladögum.

I. Tilmæli við notkun vélknúinna ökutækja við leitir.

J. Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga 14. sept.

K. Gangur mála við ljósleiðaralagningu.

L. Rammasamkomulag við Ríkiskaup.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudag 2. október 2012. - Fundi slitið 16:30.

Íþróttaviðburðurinn "**Uppsveitahringurinn**" fór fram í fyrsta sinn laugardaginn 8. sept. í blíðskaparveðri við góðar undirtektir.

Keppt var í 10 km hlaupi. Hlaupið var milli Reykhólts og Flúða yfir nýju Hvítárbrú.

Þá voru 46 km keppnishjólreiðar og 46 km skemmtihjólreiðar.

Hjólað var stóra hringinn frá Flúðum í gegnum Laugarás, Skálholt, Reykholt og aftur á Flúðir. Þetta var góður dagur, fin þátttaka fólks innan sveitar og utan og allir mjög vel stemmdir. Þessi skemmtilegi nýi viðburður er örugglega kominn til að vera.

Helstu úrslit eru hér meðfylgjandi ásamt mynd af þátttakendum.

10 km hlaup konur

1. Ásta Heiðrún Jónsdóttir
2. Sigrún Hallgrímsdóttir
3. Dilljá Rudolfsdóttir

10 km hlaup karlar

1. Jóhann Gylfason
2. Þorsteinn Magnússon
3. Örvar Rudolfsson

Keppnishjólreiðar karlar

1. Þórir Erlingsson
2. Hákon Steinsson
3. Eyþór Ingi Kolbeins

konur

1. Vigdís Hallgrímsdóttir

Skemmtihjólreiðar

konur

1. Guðbjörg Viðarsdóttir
2. Erna Óðinsdóttir
3. Guðný Arngrímsdóttir

karlar

1. Óskar Andreassen
2. Halldór Guðnason
3. Indriði Guðmundsson



Aðalfundur Foreldrafélags Þjórsárskóla 2012



Boðað er til aðalfundar Foreldrafélags Þjórsárskóla
þriðjudaginn **18. september nk. kl. 20:00 í sal Þjórsárskóla.**

Dagskrá:

- ◆ Skýrsla formanns um starf félagsins á liðnu ári.
 - ◆ Yfirlit gjaldkera um fjárhagsstöðu félagsins.
 - ◆ Kosningar.
 - a) Kjósa þarf tvo fulltrúa í stjórn forleldrafélags. Dorothee, Löngumýri og Hjörvar, Hlemmiskeiði ganga úr stjórn eftir tveggja ára setu. Áfram sitja Berglind, Gunnbjarnarholti, Ingvar, Prandarholti og Marie, Asólfstöðum. Varamen: Álfheiður, Ásum og Vilhjálmur, Hlemmiskeiði.
 - b) Kjósa þarf tvo fulltrúa í Skólaráðið. Ann-Lisette Winter, Borgarkoti og Birkir Þrastarson, Hæli hafa setið í skólaráði sl. tvö ár, varamen voru Jóna Sif Leifsdóttir, Hlemmiskeiði og Svala Bjarnadóttir, Fjalli.
- Vonumst að sem flestir sjái sér fært að mæta.
Kaffi og kökur í boði stjórnarmanna.
Kveðja, stjórn foreldrafélagsins**

Jóga á Flúðum – Haustönn 2012

Í septembermánuði er ég með útjóga á mánudögum og fimmtudögum kl. 17:30
Við hittumst við félagsheimili Hrunamanna, byrjum á stuttri upphitun og göngum síðan á skjólsælan og friðsælan stað, þar sem við ástundum jóga sem ég hef aðlagð iðkun utandyra. Það þýðir að við gerum aðallega standandi æfingar því þessi árstími býður ekki uppá mikla legu á jörðinni. Áhersla er lögð á tengingu við náttúruna, öndunaræfingar, hugleiðslu og slökun auk hefðbundinna jógaæfinga. Jógaiðkun úti í náttúrunni er ákaflega árangursrík leið til að endurnæra bæði sál og líkama.

Allir velkomnir hvort sem þeir hafa reynslu af jóga eða ekki. Aðalatriðið er að klæða sig eftir veðri, þá á það ekki að vera nein hindrun :)

Tíminn kostar 500 kr.

Vonast eftir að sjá sem flesta. Ef áhugi reynist fyrir hendi er ég tilbúin að halda áfram með þetta einu sinni í viku í október.

Í októberbyrjun byrjar síðan hefðbundið jóga í sal. Ef næg þátttaka næst mun ég einnig bjóða uppá það tvisvar í viku, á mánudögum og fimmtudögum (eða miðvikudögum ef það hentar þátttakendum betur). Valmöguleiki að vera einu sinni í viku.

10 tíma námskeið er á 8000

Stakur tími 1000

Allir velkomnir, konur og karlar, byrjendur sem lengra komnir.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 8980677 eða á adj13@hi.is

Hlakka til að eiga með ykkur notalegar stundir.

Aðalheiður Jónsdóttir jógakennari

UPPSVEITASTJARNNA

Hæfileikakeppni uppsveitanna í undirbúningi!

Hvar liggja þínir hæfileikar? Ert þú snillingur í að herma eftir, blaka eyrunum, fara heljarstökk afturábak, töfra kanínur upp úr hatti, dansa, syngja, spila á hljóðfæri, gretta þig ógurlega, halda mörgum boltum á lofti eða þrjóna ótrúlega hratt? Þetta eru bara örfá handahófskennd dæmi um atriði sem upplagt væri að æfa fyrir hæfileikakeppni uppsveitanna sem nú er í undirbúningi hjá Uppliti, menningarklasa uppsveita Árnessýslu.

Fyrsta forkeppnin verður í Félagsheimilinu Borg í Grímsnesi laugardaginn 20. október kl. 15-17 og er skráning að hefjast þessa dagana.

Allir geta tekið þátt; ungir jafnt sem aldnir, skólar og vinnustaðir, einstaklingar og hópar – jafnvel heilu fjölskyldurnar. Fyrirhugaðar eru þrjár forkeppnir og að lokum úrslitakeppni, allar haldnar í félagsheimilum í uppsveitunum á tíma-bilinu frá október nk. fram í febrúar. Dómnefnd skipuð nokkrum valinkunnum einstaklingum velur bestu atriðin í hverri forkeppni, sem síðan Frumleiki, skemmtun og sköpunargleði að æfa fyrir hæfileikakeppni uppsveitanna sem nmunu etja kappi í úrslitakeppninni.

Hámarks lengd atriða er 5 mínútur – en þau mega líka gjarnan vera styttri. Frumleiki, skemmtun og sköpunargleði vega þungt þegar kemur að því að velja atriði sem komast áfram í úrslitakeppnina.

Fyrirkomulag keppninnar verður kynnt nánar þegar nær dregur – en hæfileikaríku uppsveitungum er alveg óhætt að byrja að undirbúa krassandi og skemmtileg atriði!

Tekið er við skráningum og fyrirspurnum svarað á upplit@upplit.is.

Einnig má nálgast nánari upplýsingar um keppnina á vefnum www.upplit.is.

Hæfileikakeppnin er haldin með styrk frá Menningarráði Suðurlands.



VERSLUNIN ÁRBORG S: 486 6006

Kæru sveitungar og ferðamenn. — Alla daga, allan daginn!
Rúnnstykki, Crossant, brauð og vínarbrauð



Þjóðum upp á nokkrar tegundir af rúnnstykki, baguette og vínarbrauðum, ásamt crossant m/skinu og osti, einnig heilsuþrauð og tómataþrauð. Getum líka bakað með stuttum fyrirvara (20 mín) öll þrauð eftir þöntun.

Giesser hnífar í
úrvali fyrir slátrun,
kjöt og fiskvinnslu
Margverðlaunaðir
"BEST CUT" hnífar.



Alltaf til Cemtec skeifur í öllum stærðum!

VERSLUNIN ÁRBORG S: 486 6006

Ert þú með góða hugmynd, en gætir þegið aðstoð við að koma henni í framkvæmd!

Því ekki að kynna sér hvaða aðstoð Matarsmiðjan á Flúðum getur veitt þér. Matarsmiðjan á Flúðum og Mátis hefur yfir að ráða mjög færar starfsfólki sem getur veitt þér aðstoð eða gráðgjöf um flest það er snýr að matvælum og matvælaframleiðslu.


Fullkomin aðstaða sem býður uppá margvíslega möguleika er varðar matargerð.

Pantaðu þér frían tíma eða hafðu samband og saman finnum við leið til að þín hugmynd geti orðið að veruleika.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast í síma 858-5133 eða með tölvupósti á póstfagnið vilbergvilberg@matis.is



Bak við eldavélina!



Hundatemjarinn hann Aðalsteinn, situr hjá þennan mánuðinn sökum anna, en kemur svo ferskur inn næst með eitthvað verulega girnilegt trúí ég. Óskum honum til hamingju með Kríu sína sem er besti smalahundur í A flokki og hlaut hún 134 stig svo sannarlega vel gert hjá þeim. En við reynum að bjarga okkur á meðan með eitthvað.

T.d. eru hér uppskriftir af góðri lifrapylsu og slátri sem eru í gömlu bókinni hennar Jóninnu Sigurðardóttur, og gefin var út 1943. ☺

Lifrapylsa

1000 gr. kindalifur

450 gr. rúgmjól

250 gr. nýru (má sleppa!)

150 gr. haframjöl

150 gr. hveiti

40 gr gróft salt (1 hnefi)

750 gr. mjólk

750 gr. mör eða eftir smekk

Blóðmör.

2000 gr. kindablóð

1000 gr. kalt vatn

1400 gr. rúgmjöl

150 gr. haframjöl

150 gr. hveiti

50 gr salt (1½ hnefi)

1250 gr. mör eða eftir smekk.

(Líka gott að setja rúsínur út í fyrir þá sem vilja.)

Rúsínuslátur er mjög gott. ☺

Borðað nýsoðið með góðri rófustöppu og karftöflumús og smá sykri á blóðmörinn...

(Má sleppa ..;)

Heitt kaffi á eftir með Nóa

Síríus konfekt, spillir ekki.;)

Aðferð við lifrapylsu:

Lifur og (nýru) þvegin vel og hökkuð og sett í skál eða bala eftir því hvað uppskriftin er höfð margföld. Allt þurrefni sett út í og mjólkinn síðast (mér finnst þetta vera of þykkt og set því bara kalt vatn til að finna réttu þykktina... (slurkur..;)

“Þarf að hræra mjög vandlega í svo lifrin verði sem jöfnust.” segir í bókinni.

Soðið og farið með eins og með blóðmör.

Aðferð við blóðmör:

Blóðið síað, vatnið, saltið, rúgmjölið , haframjölið og hveiti sett í þeirri röð sem talið er upp í balann. Mörinn brytjaður í hæfilega stóra bita og settur saman við síðastur.

(Ef blandan er of þunn þá set ég bara sittlítið af hverju þurrefni til viðbótar þangað til að mér finnst það passa..) Síðan segir í bókinni: “Blóðið er látið upp í þar til gerða vambarkeppi. Það má ekki láta nema milli hálfis og fulls í keppina. Það þarf að sauma eða spýta fyrir opin á keppunum áður en þeir eru soðnir. Allir sláturkeppirnir látnir í sjóðandi vatn og eru soðnir í 3 klst. Þegar blóðmörinn er orðinn kaldur eru keppunum raðað í tunnu, vatni hellt á, og dálitlu af skyrdrykk eða ediki. Það gerir slátrið lystugra, en þó má sýran ekki vera of mikil.”

En á númtímavísu blöndum við saman í plastpoka, bóðmörskeppum og lifrapylsu sem passar í eina máltíð og setjum í frysti!

Mbkv. Kristjana (Kidda)

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun –

Fótsnyrting — Handsnyrting – Vaxmeðferðir

Litun og plökkun.



Tímapantanir í síma: 856-1599

Heilsugæslan í Laugarási sími 480–5300

Símatímar lækna alla virka daga

kl. 9-9: 30 og 13 –13: 30

Sími í neyðartilvikum 892- 8804

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA



Í ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3

sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

Kort af afréttum milli Þjórsár og Hvítár!

Til sölu á skrifstofunni í Árnosi, endurútgefna óbyggðakortið af afréttum Gnúpverja, Skeiðamanna, Flóamanna og Hrunamanna og kostar **kr. 500.-** Gott í vasann og eykur **öryggi** á fjöllum.



Flúðaleið ehf



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju. Starfsfólk Flúðaleiðar

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

BYGGINGAVÖRUR – BÚVÖRUR

GJAFAVÖRUR – HANNYRÐAVÖRUR

GARÐVÖRUR – LEIKFÖNG

OG ALLT ÞAR Á MILLI.

ALLTAF AÐ BÆTAST VIÐ NÝJAR VÖRUR

SJÓN ER SÖGU RÍKARI.

OPIÐ 9-18 VIRKA DAGA og 11-14 LAUGARDAGA.

VERIÐ VELKOMIN

ÁSBÚÐIN

Er komið haust???

“Ja, maður spyr sig”

**Sprauta /
skammta**



**Einnota sprautur
og nálar**



Klaufaklippur



Vogir



**Inngjafabyssa
m/slöngu**



Gripamerkitir



Gripamerki-spray



**Boltabyssa
(Sláturbýssa)**



Allt í sláturtíðina

Hnífar, kjötsagir, stál, skurðarbretti, frystipokar, bjúgnalangar, net, salt, pækilsprautur, krókar, gervivambir, sláturgarn, bjúgnapressur, frystipokar, heimilspokar, balar, fötur m/loki, úrbeiningarhanskar, hamborgarapressa, vacuumpökkunarvél, vaccumpokar, o.fl.

Regnföt



**Skeifur -
höffjaðrir**



**Stígvél - reiðskór -
gúmmískór - sokkar**



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600
landstolpi.is

Opið í sundlaugum Skeiða- og Gnúpverjahrepps veturinn 2012-2013

Neslaug

priðjudaga: 18 – 22

Skeiðalaug

Fimmtudaga: 18 – 22

Neslaug opin til 1. nóvember

Laugardaga: kl. 13 — 17

Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Frítt í sund fyrir 67 ára og eldri.

Vörur tengdar sundi til sölu—



Sund er góð og ódýr heilsurækt!



Verðskrá:

Fullorðnir: 14 – 66 ára400 kr.

Adults 14—66 years old

10 miða afsláttarkort2.500 kr.

10 tickets discount card

Börn: 6 – 13 ára200 kr.

Sundföt – leiga300 kr.
Swimwear

Handklæði – leiga300 kr.
Towel

Sturta / Shower-bath.....400 kr.